

Laxós ehf
Jöklaseli 25
109 - Reykjavík



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b,
105 Reykjavík, Ísland

Reykjavík 27.sept.2023

Svar til Skipulagsstofnunnar við umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna tilkynningar Laxós ehf um breytingu á framkvæmd.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir viðbrögðum Laxóss ehf., við umsögn Hafrannsóknarstofnunar sem dagsett er 22.09.2023 (Mál:2023-09-058) við áformum Laxós ehf um breytingu á staðsetningu áfanga 2 varðandi sjógönguseiðastöð Laxóss á Árskógsandi.

Bent skal á að efnislega er umsögn Hafrannsóknastofnunar að miklu leyti endurtekning á ákveðnum liðum sem búið er að fjalla ýtarlega um áður. Það var gert fyrri helming ársins 2017 og endaði með ákvörðun Skipulagsstofnunar sem gefin var út 31. ágúst 2017. Ákvarðað var að verkefnið, seiðaði Laxóss ehf., Árskógssandi, áfangi 1 og áfangi 2 þyrfti ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum. Sá úrskurður var kærður til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála (Ú.U.A.), sem staðfesti ákvörðun Skipulagsstofnunar 12. febrúar 2019. Því verður svar Laxóss við umsögn Hafrannsóknastofnunar töluverð endurtekning á fyrri svörum.

Einnig er rétt að benda á að Skipulagsstofnun sendi umsagnaraðilum gögnin til umsagnar um mánaðarmót júlí / ágúst s.l. og gaf svarfrest til 28. ágúst 2023 en svar Hafrannsóknastofnunar barst 22. September 2023.

Vatnstaka og rennsli úr ánni.

Hafrannsóknastofnun bendir réttilega á að „einkum sé um er að ræða breytingar á tilhögun vatnstöku og aukning á endur nýtingu á vatni. Þar með verður dregið úr vatnstöku og vatnspörf“.

Áfangi 1 sem verður alfarið háður fersku vatni verður búinn RAS (Recirculating aquaculture system) búnaði og þarf því minna en 2% af heildar vatnspörf eða 10 til 20 l/sek. Æskilegt er nota bæði sjó og ferskvatn í áfanga 2 en lítil skaði skeður þótt ferskvatnið minnki verulega eða vanti tímabundið. Því er mun meiri sveianleiki í vatnstökumagni úr ánni eftir umrædda breytingu en áður var áformað.

Í umsögn sinni vísar Hafrannsóknastofnun í fyrri umsögn stofnunarinnar frá 2017 en þar var gerður fyrirvari um áhrif vatnstöku á lífríki Þorvaldsdalsár og því haldið fram að mælingar sýndu að mælt lágmarksrennsli Þorvaldsdalsár væri af svipaðri stærðargráðu og áætluð vatnstaka við ána. Einnig að sú breyting sem hér er gerð er í samræmi við fyrri athugasemdir og verður að teljast til minnkunar á umhverfisáhrifum, segir í umsögn Hafrannsóknastofnunar.


Framkvæmdaaðilinn er sammála Hafrannsóknastofnun um að umræddar breytingar leiða til minni röskunar, minni vatnstöku og minni umhverfisáhrifa en áður var áformað. Úr því að áður þótti ástæða til að ákvarða að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum skildi maður ætla að nú sé enn þá ríkari ástæða til að ákvarða sömu niðurstöðu.

Augljóst má vera að nákvæmt „lágmarksrennsli árinna“ er ekki þekkt stærð og verður það seint eða aldrei. Það er hins vegar hægt að greina rennslisfar árinna og byggja undir varlega gerða ákvörðunartöku um vatnstökumagn og aðferð, með viðeigandi tiltækum mótvægisáðgerðum sem hægt er að virkja ef þörf krefur. Eins og Hafrannsóknastofnun réttilega hefur bent á áður, þarf að forðast að „áhrifin verði til mikillar minnkunar á vatnsrennsli“ með það að leiðarljósi að minnkunin muni ekki valda neikvæðum eða óafturkræfum áhrifum á lífríki árinna. Sú forsenda var höfð að leiðarljósi við gerð tilkynningarskýrslu, ekki síst í kafla 3.4 og 3.5. Hér verður haldið áfram á sömu nótum.

Þorvaldsdalsá er skilgreind sem s.k. „Dragá“ í skýrslu veiðimálastofnunar¹. „Þær eiga flestar upptök sín í lítið grónu fjalllendi og renna um dali, efst eru árnar oft ansi brattar en verða lygnari er neðar dregur. Lífsskilyrði eru gjarnan óhagstæð, lítið rek, lágt og breytilegt hitastig og mikill straumhraði. Miklar rennslissveiflur eru í dragám og getur það valdið því að botn þeirra sé fremur óstöðugt búsvæði. Í leysingum á vorin eykst rennsli dragáa oft gífurlega en á þurrkatímum og við langvarandi frost á vetrum geta þær orðið mjög vatnslitlar (Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason, 1998). Smádyralíf er oft fábreytt í dragám og bleikja ríkjandi fisktegund (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996)“.

Ljóst má vera af framlögðum rannsóknum og tilvísunum, að Þorvaldsdalsá er fátæk af lífríki saman borðið við aðrar ár á t.d. Íslandi og hún hefur hlutfallsleg litla náttúrulega framleiðslugetu af lífmassa.

¹ Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2007. *Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá*



Rennslismælingar úr Þorvaldsdalsár skv. upplýsingum frá Dalvíkurbyggð.

Mynd 1. Mælingar eru leiðréttar fyrir truflunum frá upphafi til júlí 2016. Eftir það eru óleiðréttar mælingar beint frá mælinum samkvæmt Steindóri Traustasyni í Mannvit, Akureyri.

Það sem aðallega stjórnar rennslismagni í Þorvaldsdalsá er eftirfarandi áhrifavaldar.

1. „Grunnvatn leitar hægunum en **jöfnum straumi** undan bratta en rennslisraði ræðst af lekt og holrýmd berggrunnins. Þar sem grunnvatnsflötur sker yfirborð finnast lindir eða uppsprettur². Lindarvatn veldur nánast stöðugu rennsli allt árið um kring og má túlka rennslismælingar, mynd 1., þannig að um sé að ræða u.þ.b. 1.000 l/sek af stöðugu lindarvatni í Þorvaldsdalsá, við mælir. Uppkoma lindarvatns er lítið háð veðurfari eins og kulda eða sumarþurrkum, náttúruleg uppkoma grunnvatns er nokkuð jöfn allt árið um kring.
2. Rigning eykur rennsli en snjócoma ekki.
3. Frost bindur rennandi vatn á leið sinni til sjávar og veldur þannig tímabundinni minnkun á rennsli (hér kallað „dýfa“), en á móti einangrar ísing vatnið í ánni frá kuldunum þannig að rennslið leitar jafnvægis að lokum þó að frost sé mikið. Ofan á bætist að þegar frysting er hröð þá geta myndast klakastíflur í stuttan tíma. Þetta skýrir stuttar dýfur lækkunar á rennsli sem skýrt kemur fram í mælingum og er í mörgum tilvikum, leiðrétt fyrir. Má sterklega leiða líkur að því að því dýpri sem dýfan er því styttri tíma tekur hún. Mikið frost veldur hraðri frystingu sem veldur hraðri myndun einangrunar sem veldur því að jafnvægi kemst hratt á og dýfan verður stutt.
4. Bráðnun, sérstaklega eftir veturinn eykur rennsli gríðarlega mikið.


Draga má þá ályktun af ofangreindu að lægstu rennsli dýfur ársins sé að vænta þegar mest er frostið, eða í febrúar, mars og apríl, eins og mælingar á mynd 1 gefa sterklega til kynna.

² Náttúrufræðistofnun Íslands, Vatn. <http://www.ni.is/jord/vatn>

Varðandi hugsanlegar afleiðingar fyrir lífríki árinna.

Framkvæmda aðili skilur hugtakið, sem Hafrannsóknastofnun notar „alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki árinna“ á þann hátt að rennsli geti farið það neðarlega að það geti valdið dauða seiða og hugsanlega annarra lífvera vegna súrefnisskorts.

Vísað er til tilkynningarskýrslu, kafla 3.5. Áhrif vatnstöku á rennsli og lífríki árinna, neðarlega á bls. 12. En þar er fjallað um lífríki árinna yfir kaldasta tímam, febrúar mars og apríl. Á þessum tíma myrkurs og kulda er, samkvæmt vatnalíffræðinni og framlögðum gögnum, lítið af þörungum og smádýrum í Þorvaldsdalsá en ef hrygning hefur átt sér stað undanfarin haust, þá geta seiði af ýmsum stærðum haldið til í ánni yfir veturinn. Þegar rennsli er í lágmarki í Þorvaldsdalsá þá er frost og kalt og hitastig vatnsins er mjög lágt. Súrefni er hins vegar mjög hátt, sjá mynd 2 hér undir sem sýnir leysni súrefnis í fersku vatni við mismunandi hitastig.



Dissolved oxygen concentrations decrease as temperature increases

Mynd 2. Upplýst súrefni í vatni lækkar með hækkandi hitastigi. Því lægra hitastig, því meira súrefni.

Hlutþrýstingur súrefnis í vatni myndar jafnvægi við hlutþrýsting súrefnis úr lofti í ám þegar rennsli er á leið frá hálandi til sjávar, „vatnið loftast á leiðinni“. Þegar hitastig vatns í ánni er um 2°C³ notar 1 kg af lífmassa laxfiska u.þ.b. 0.025 mg súrefnis á hverri sekúndu⁴ miða við milli stærð af laxfiskum, og ef meðalþyngd seiða er u.þ.b. 5 grömm þá nota 200 stk (1 kg) u.þ.b. 0.035 mg súrefnis á sekúndu, smáir fiskar nota meira súrefni/kg lífmassa samanborið við millistærð laxfiska. Í einum lítra af 2°C vatni er u.þ.b. 14 mg súrefnis (sjá mynd 2) og laxfiskar byrja að fá öndunarerfileika þegar súrefnisstyrkurinn fer niður fyrir 4 mg/l þannig að við þessar aðstæður geta laxfiskar notað um 10 mg súrefni úr hverjum lítra vatns sem er nánast mesta magn súrefnis sem vatn getur borið án tæknilegra inngripa manna. Ljóst er að rennsli í ánni geti farið í einstaka stuttum dýfum niður í allt að 400 l/sek og ef Laxós er þá á sama tíma að taka 100 l/sek við þær aðstæður þá er rennslið í ánni, síðustu 1.5 km um 300 l/sek (1.080 tonn á klst.). Það dugur samt til að skaffa 15 til 20 milljónum 5 gramma laxaseiða nægjanlegt súrefni ($200/0.035 = 5.714 \cdot 10^3 \cdot 300 = 17$ milj.). Af fyrirbyggjandi rannsóknum að

³ <http://www.fondriest.com/environmental-measurements/parameters/water-quality/dissolved-oxygen/>

⁴ Mattilsynet. 1.september 2004. Vannkvalitet og dyrevelferd.

dæma⁵ giskar framkvæmdaaðili á að fjöldi seiða í ánni á umræddu svæði, yfir kaldasta tímanna sé á bilinu 500 til 1.000 stk., ef frá eru talin kviðpokaseiðin sem, á þessum tíma, eru um 0.07 grömm að meðalþyngd og náttúruleg afföll þeirra eru mikil. Þó að seiðin í ánni væru margfalt fleiri þá myndi það engu máli skipta hvað varðar umrædda vatnstöku. Súrefni mun ekki skorta nema árfarvegurinn nánast þorni upp.

Þó að rennsli í svona á geti lækkað verulega vegna vetrarkulda þá lifa seiði og aðrar lífverur góðu lífi í hyljum og pollum sem eru einangraðir undir ís hér og þar í ánni enda vatnið hreint og tært og nóg af súrefni. Þau þurfa nánast ekkert að borða því hraði efnaskipta í frumum dýra/fiska með misheitt blóð er í algjöru lágmarki við 2°C vatnshitastig, þau eru nánast í dvala við svona aðstæður.

Viðbragðsáætlun við litlu rennsli:

Í umræddri tilkynningarskýrslu, í kafla 3.5 um áhrif vatnstöku á rennsli og lífríki árinna í febrúar, mars og apríl, neðarlega á bls 12 segir „Laxós ehf. gerir því ráð fyrir að á þessu tímabili séu að hámarki tekin 100 l/sek úr ánni. Vatnstaka hefur augljóslega engin áhrif á ána og lífríki hennar fyrir ofan foss og afar erfitt að sjá að hún geti haft einhver neikvæð áhrif á lífríki árinna þessa síðustu u.þ.b. 1.5 km sem eftir eru til sjávar enda lítið um fisk á þessum slóðum og þó sérstaklega á umræddu tímabili. Þetta magn er þá u.þ.b. 10% af heildar rennsli árinna að meðaltali og gæti í einstaka toppum nálgast 25%. Strax og vorar vex mikið í ánni“.

Til að allir hagsmunaaðilar geti treyst á að vatnstakan muni örugglega ekki valda lífríkinu óafturkræfum skaða skuldbindir framkvæmdaaðilinn, Laxós ehf sig, hér með til að ganga skrefi lengra með eftirfarandi hætti:

Ef heildarrennsli á mælistað, sem er stutt ofan við vatnstökustað Laxóss, og hægt að fylgjast með í nútíð á netinu⁶, fer niður fyrir 400 l/sek þá fari í gang viðbragðsáætlun um að minnka vatnstöku frá 100 l/sek. Skipta viðmiðið verði þá 1/4 eða sem samsvarar að hámarki 25% af því rennsli sem er til skipta, sem við 400 lítra/sek rennsli yrði 100 lítrar/sek að hámarki inn til stöðvarinnar og lækkar svo í sama hlutfalli ef rennsli lækkar. Ef t.d. rennsli myndi mælast 350 l/sek þá mætti Laxós að hámarki taka 87.5 l/sek., o.s.frv. Laxós haldi loggbók um rennismælingar og um vatnstöku sem aðgengileg verði lögbundnum eftirlitsaðila hvenær sem er.

Ef komi upp tímabil þar sem viðbragðsáætlunin verði virkjuð og skortur geti orðið á vatni inn í eldisstöðina þá verði því mætt með einum eða fleiri af eftirfarandi viðbragðs þáttum: fullnýta vatn frá borholum (t.d. ræsing á auka dælum) til að ná 10 – 20 l/sek fyrir RAS í áfanga 1. Áfangi 2 kemst af með hreinan sjó tímabundið ef nauðsyn krefur. Að auki er hægt tímabundið að kaupa vatn af vatnsveitu sveitarfélagsins.

Því er óþarfi að mati framkvæmdaaðila og varla í samræmi við lögin að krefjast mats á umhverfisáhrifum vegna þessa máls enda liggja fyrir mótvægisáðgerðir við öllum hugsanlegum umtalsverðum umhverfisáhrifum sem þessi vatnstaka gæti valdið og slíkt mat myndi heldur ekki leiða í ljós hvert lágmarksrennslið í ánni er, enda krefst það rennismælinga yfir tugi ára og það fara engar sögur af því að rennsli í ánni hafi nokkurn tímann minnkað niður í þá stærðargráðu sem valdið

⁵ Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2007. *Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá.*

⁶ Verkfræðistofan Mannvit, Steinþór Traustason

geti vafasömu ástandi á lífríki hennar. Til að taka allan vafa þá leiðir umrædd breyting til þess að Laxós mun geta skrúfað fyrir vatnstöku úr ánni tímabundið án teljandi vandræða.

Lífríki og fiskstofnar Þorvaldsdalsár.

Hafrannsóknastofnun bætir svo við „Í tilkynningu framkvæmdaaðila er, að mati Hafrannsóknastofnunar, gert lítið úr lífríki Þorvaldsdalsár og tilvist þess. Byggt er á frjálslægri skoðun og vitnað til gamalla gagna og munnmæla. Einnig segir „Hafrannsóknastofnun telur að enn sé ástæða til að meta grunnástand lífríkis í Þorvaldsdalsá“

Framkvæmdaaðili mun hér reyna að bæta úr því og vanda betur til verka en þessi ummæli koma samt nokkuð á óvart því Hafrannsóknastofnun lagði í umsögn sinni 2017 til grundvallar málflutningi sínum skýrslu frá 1982 sem mætti teljast til að vera of gömul til að byggja á um ástand lífríkis Þorvaldsdalsár. Framkvæmdaaðili vísaði hins vegar í mun nýrri rannsóknir sem Hafrannsóknastofnun hefur vísað í áður um sama málefni⁷. Um er að ræða tiltölulega nýja- og umfangsmikil rannsókn á lífríki Þorvaldsdalsár, sem framkvæmd var á vegum Veðimálastofnunar árið 2008 og önnur rannsókn var gerð 2007⁸, af sömu stofnun.

Í skýrsluni frá 2008, í lokakaflanum „Umræður“ kemur m.a. fram „Mæling á rafleiðni árvatns er einföld og fljótleg leið til að meta magn uppleystra næringarefna og gefa mynd af framleiðni áa. Leiðni í Þorvaldsdalsá mældist nokkuð lág, eða frá 24-29 μS (hærri neðar), og áin var einnig nokkuð köld. Slík skilyrði henta bleikjuseiðum ágætlega en bæði urriða- og laxaseiði þurfa meiri vatnshita og leiðni til að þrífast vel í ám. Rafveitt var í Þorvaldsdalsá á nokkrum stöðum haustið 2007⁹ og fannst töluvert af sjöbleikjuseiðum fyrir neðan foss og staðbundnum bleikjuseiðum og eldri bleikju fyrir ofan foss. Bleikjuseiði virðast dafna nokkuð vel í ánni. Aðeins eitt laxaseiði veiddist í þessari rannsókn og það var 3 cm á lengd, sjá mynd 3 í skýrslunni frá 2007.

Þetta kemur vel heim og saman við það sem heimamenn hafa sagt um þróun þessara mála sem var í stórum dráttum að laxar virðast hafa hryngt í ánni um árabil eftir að seiðasleppingar áttu sér stað á árunum 1976 til 1981 en síðustu ár hafa menn ekki orðið varir við laxa í ánni og bleikjan hefur einnig hopað í Þorvaldsdalsá eins og í öðrum ám sem renna í Eyjafjörð. Þetta kom einnig fram í meðfylgjandi umsögn¹⁰. Þar segir m.a. „Takmarkaðar veiðitölur liggja fyrir úr Þorvaldsdalsá en að sögn heimamanna hefur orðið verulegur samdráttur í bleikjuveiði í ánni“. Einnig er vísað í umsögn Fiskistofu til Skipulagsstofnunar frá 1.3.2017 þar sem stofnunin tekur undir þá staðreynd að bleikjan hafi hopað verulega í Þorvaldsdalsá eins og á landsvísu.

Erfitt er að sjá að það sé sértæk þörf til að rannsaka lífríki Þorvaldsdalsár umfram t.d. lífríki annarra áa sem renna í Eyjafjörð eða á landsvísu. Ósanngjarnt er að krefjast þess að Laxós ehf þurfi að standa fyrir slíkri rannsókn þar sem, annars vegar, staða lífríkis í ánni er nokkuð ljós eins og komið hefur fram í ofangreindri umfjöllun og hins vegar er útilokað að seiði sleppi frá stöðinni sem verður búin þreföldu öryggi til að seiði geti ekki sloppið, sjá kafla 5.1. þar sem fjallað er um strok seiða. „Öll ker verða útbúin með fiskhelda rist sem passar stærð viðkomandi seiða og til viðbótar verður allt

⁷ Mat á uppeldisskilyrðum fyrir bleikjuseiði á fiskgengum og ófiskgengum svæðum í Þorvaldsdalsá, Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2008

⁸ Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2007. Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá

⁹ Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2007. Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá.

¹⁰ Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna aðalskipulagsbreytingu á Árskógssandi frá 25. Janúar 2017 vegna Laxós verkefnisins er fylgiskjal, sjá sérstaklega kaflinn um „Umhverfi og lífríki“.

frárennsli frá öllum deildum leitt í gegnum fiskhelda rist eða ristar sem verða útbúin þannig að aðskotahlutir í vatninu yfir ákveðinni stærð komast ekki í gegn um ristina“. „Og í þriðja lagi er áformað að allt frárennsli fari í gegn um tromlur sem eru gefnar upp fyrir að fjarlægja korn allt niður í 1/1000 úr millimetri. Laxaseiði munu ekki komast í gegnum ofangreindan þrefaldan öryggisbúnað“. Að lokum ber að hafa í huga að einungis sjógönguseiði (sem er lágmark 60 grömm að þyngd) eiga möguleika á að lifa það af að fara með frárennslinu til sjávar og þau sjógönguseiði eru ekki á leið upp í ferskvatn, heldur á haf út. Framkvæmdaaðili telur rökrétt að ganga út frá að seiði frá stöðinni geti aldrei komist í ána og að vatnstöku áætlun Laxóss ehf., þ.m.t. mótvægisáðgerðir, ef rennsli minnkar niður fyrir 400 l/sek, tryggi að vatnstaka Laxóss muni ekki geta haft neikvæð áhrif á lífríki hennar.

Vöktun frárennslis

Að lokum segir í umsögn Hafrannsóknastofnunar. „Einnig að mikilvægt er að vakta vatnsgæði og lífríki á frárennslissvæði eldisstöðvarinnar. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er gert ráð fyrir að meta ástand út frá stöðu lífríkis á viðkomandi vatnshloti. Mikilvægt er að lífríki við frárennsli sé vaktað og að það viðhaldi góðu ástandi. Beitt verði viðurkenndum aðferðum við mælingar“.

Framkvæmdaaðili tekur það fram að ekkert frárennsli er fyrirhugað í ferskt vatn heldur einungis út í Eyjafjörðinn. Í kafla 5.3. á bls 16, þar segir orðrétt „Frárennslið verði leitt í lögn 20 - 80m frá stórstraumsfjöruborði í NNA átt niður á 6 til 8m dýpi. Tekin verða botnsýni á nokkrum stöðum á svæðinu þar sem frárennslið yfirgefur frárennslislögnina. Þetta atriði verður nánar útfært við afgreiðslu starfsleyfisins í samvinnu við viðkomandi stjórnvald“. Það stjórnvald verður væntanlega Umhverfisstofnun og gert er ráð fyrir að sett verði upp vöktunaráætlun í samráði við stofnunina gagnvart mögulegum áhrifum úrgangs frá umræddu frárennsli og ef sýnilegt verði að stefni í ofauðgun við útrennslið, þá verði frekari viðbrögð virkjuð eins og t.d. að bæta við búnaði til meiri hreinsunar og/eða skipta útrennslinu í fleiri útrennsliseiningar um stærra svæði“. Einnig má vísa í ýtarleg umfjöllun aftarlega í kafla 5.3 um þau þynningaráhrif sem reikna ber með við þær aðstæður sem þarna ríkja. Endanleg lengd og staðsetning frárennslis verður ákveðið í samvinnu við Umhverfisstofnun við útfærslu starfsleyfisins enda hefur sú stofnun með eftirlit þessa málaflokks að gera og mun því koma að endanlegri útfærslu þessara mála samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ljóst má vera að ef kemur á daginn að áhrif ofauðgunar verði of mikill að mati t.d. eftirlitsaðila þá er tiltölulega einfalt að lagfæra það og því ekki ástæða til að leggja íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun á framkvæmdaaðila vegna þessa enda samræmist það ekki gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem umrædd mótvægisáætlun útilokar að umrædd losun getið valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum á viðtakann, sem er reyndar skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012- 2024.

Að lokum vill framkvæmdaaðili undirstrika að í umsögn Hafrannsóknarstofnunar komu fram jákvæð mikilvæg atriði í kjölfar umræddra breytinga sem leiða af sér minni umhverfisáhrif en áður var gert ráð fyrir enda fer stofnunin ekki fram á að verkefnið sæti matskildu í umsögn sinni. Það hefur heldur enginn annar umsagnaraðili gert til þessa.

Virðingarfyllt

Guðmundur Valur Stefánsson, Framkvæmdastjóri Laxós ehf

